

Ed.

880. Frumvarp

til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. yfirsetukvennalaga, nr. 14, 22. okt. 1912, hljóði svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að hálfu úr sýslusjóði og að hálfu úr rikissjóði, og fer greiðsla þeirra fram einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og gjaldast mánaðarlega.

Launin í hverju umdæmi skal miða við fólkstal umdæmisins við síðustu áramót á þennan hátt:

1. Í þeim umdæmum, þar sem fólkstal er 300 eða minna, skulu árs-laun yfirsetukonu vera 200 kr.

2. Í umdæmum þeim, sem hafa fleira en 300 manna, skulu árslaunin vera 200 kr., að viðbættum 10 kr. fyrir hverja fulla 5 tugi manna, sem fram yfir eru 300, þó svo, að launin fari aldrei fram úr 1000 kr.

3. Í kaupstaðaumdæmum, þar sem eru tvær eða fleiri yfirsetukonur, skal deila íbúatölu jafnt milli þeirra, og því næst reikna þeim laun á sama hátt og öðrum yfirsetukonum, þó aldrei yfir 1000 kr.

Laun allra yfirsetukvenna skulu hækka fimta hvert ár um 25 kr., uns launabótin nemur 75 kr., og hafa þær þá náð hámarki launa sinna.

2. gr.

Aftan við 5. gr. bætist:

Eftirlaun greiða sömu aðiljar og launin greiða, í sama blutfalli.

3. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Yfirsetukonum ber sanngjörn þóknun fyrir yfirsetu og aðhjúkrun sængurkvenna, og að auki ókeypis fararbeiðni báðar leiðir. Þessi þóknun skal vera eigi minni en 7 kr. fyrir að sitja yfir og kr. 2,50 fyrir hvern dag, sem yfirsetukona dvelur hjá sængurkonunni, nema þann dag, er hún tekur á móti barninu, en 1 kr. fyrir hverja vitjun í kaupstað eða kaптúni, þar sem yfirsetukona býr.

Ef sængurkona þiggur af sveit eða er svo fátæk, að hún getur ekki borgað, þá á yfirsetukona heimtingu á að sveitarsjóður greiði henni þóknunina fyrir yfirsetustarfið og nauðsynlega aðhjúkrun, og skal ekki telja þau gjöld sem veittan sveitarstyrk.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.